

Í sumarleyfi í Reykjarfirði á Ströndum.

Á undanförunum árum hefur straumur ferðamanna um firði, fjöll og dali norðan og austan við Ísafjarðardjúp, sem í daglegu tali er kallað Hornstrandir, aukist stórlega. Til þess liggja að sjálfsögðu margar ástæður. Þetta svæði, sem hafði verið byggt frá landnámstíð lagðist að mestu í eyði fyrir hartnær 50 árum. Þá fluttu íbúarnir brott og fundu sér staðfestu í öðrum byggðum. En eftir stóðu húsatóttir, ruddar varir og tún sem vitnuðu um það líf sem áður var. Nú leita afkomendur þessa fólks aftur á slóðir fedra sinna og mæðra, bæði til að vitja eigna sinna og eins til að halda minningu þeirra á lofti.

Landslag Hornstranda, er eitt hið hrikalegasta á landinu. Ströndin er mjög vogskorin, eins og menn vita, þar ganga fjöllin þverhnypt í sjó fram svo víða er ógerlegt að fylgja ströndinni, en milli þeirra eru þröngir firðir með grunnum dölum. Gönguleiðirnar liggja því víða yfir fjallaskörð 400-500 m y.s.

Þetta hvorttveggja, sagan um byggðina horfnu og hrikalegt landslag laðar að og ögrar þeim gönguglöðu ferðamönnum sem vilja fá orku sinni útrás í glímu við óræð náttúruöfl. Þeir sem nú fara um þessar slóðir verða að treysta á mátt sinn og megin, því um Strandir liggja engir vegir, allir lækir og ár eru óbrúaðar og nú eru merki mannhandarinnar sem óðast að hverfa. Þetta örvar menn til átaka, ekki síst í hrakviðrum, sem getur skeð á öllum tímum ársins.

Gönguferðir um Hornstrandir þarf að skipuleggja með fyrirhyggju. Gætnir og skynsamir menn ana ekki af stað undirbúningslaust. Þeir afla sér upplýsinga hjá kunnugu fólki, ákveða dagleiðir og náttstaði, og síðast en ekki síst kanna vel útbúnað allan, tjald, föt, vistir og skó. Ef þetta er í fullkomnu lagi, þarf mikið að ganga á svo ferð um Hornstrandir endi með slysalegum hætti. Og sem betur fer er telst það til undantekninga.

Fyrir hálfri öld skrifaði Þorleifur Bjarnason mikið og merkt rit um Hornstrandir, sem hefur síðan verið nokkurskonar "Biblía" þeirra er hafa viljað kynna sér landshætti og sögu byggðarinnar þar. Síðan þá hafa margir tekið sér penna í hönd, eða réttar sagt, sest við ritvélina og sagt frá reynslu sinni. Árbók Ferðafélags Íslands 1994 heitir Ystu strandir norðan Djúps og fjallar um þetta svæði. Höfundur er Guðrún Ása Grímsdóttir. Gerir hún efninu afar góð skil. Útkoma bókarinnar vakti mikla athygli og var tilnefnd til íslensku bókmenntaverðlaunanna það ár.

Í hugum margra eru Aðalvík og Hornvík þeir staðir á "Ystu ströndum norðan Djúps", sem áhugaverðastir eru. Ekki dreg ég það í efa því það þekki ég af eigin raun. Enda hefur þeim verið gerð ítarleg skil í máli og myndum á liðinni tíð. Snemma á þessari öld mun um eða yfir 200 manns hafa verið heimilisfastir í Aðalvík einni og eiga því margir rætur sínar að rekja á þær slóðir. Í Hornvík var jafnan fjölmenni á vorin þegar sigið var í björgin og þar bjuggu landsþekktir þjóðhagasmíðir og kraftaskáld, og ekki fælir Hornbjargið ferðalangana burtu.

Á Austurströndum þ.e. svæðinu milli Hornbjargs og Drangaskarða er ekki síður að finna áhugaverða staði, sem gaman og fróðlegt er að kynnast nánar. Það má gera með tvennum hætti. Að leggja tjald og nesti á bakið og ganga þessa leið á nokkrum dögum eða setjast um kyrrt á einum stað, hafa þar bækistöð og fara þaðan í styttri eða lengri ferðir. Ef síðari leiðin er valin er Reykjarfjörður kjörinn dvalarstaður.

Reykjarfjörður liggur milli Geirólfsgrúps að austan og Þaralátursness að vestan. Inn af firðinum liggur breiðasti dalurinn á þessum slóðum, allt inn að Drangajökli. Fyrir botni dalsins gnæfa tvö heldstu kennileiti jökulsins, Hljóðabunga (825 m y.s.)

vestar og Hrolleifsborg (851 m y.s.) austar. Skriðjökull gengur ofan í dalinn, er nefnist Reykjarfjarðarjökull. Austan við dalinn yst við sjó er Sigluvíkurnúpur (299 m y.s.), en Miðmundarhorn (636 m y.s.) sunnar og nær jökli. Á milli þeirra eru Fossadalir og Fossadalsheiði, en um hana liggur aðalleiðin til Bjarnarfjarðar og Dranga. Að vestanverðu, í framhaldi og suður frá Þaralátursnesi er Hálsbunga (338 m y.s.) gegnt Miðmundarhorni. Þar upp er greið leið og auðvelt að ganga þaðan á jökulinn. Frá skriðjöklinum rennur all vatnsmikil á sem heitir Reykjarfjarðarós. (Á þessum slóðum heita allar ár ósar s.s. Þaralátursós, Furufjarðarós o.s. frv.) Áin fellur til sjávar í dalnum austanmegin. Hún ber fram mikinn sand og leir, sem þekur svæðið meðfram Ósnum svo og alla ströndina fyrir fjarðarbotni 4-5 km langa. Að baki fjörunnar eru sandbakkar grónir melgresi. Að vestanverðu er dalurinn klettóttur. Þar vaxa lífgrösin og þar eru aðal beitolöndin. Mikill jarðhiti er í Reykjarfirði einkum við Kirkjuból, Hestvallalaug og Heimalaug, en hún er næst bænum.

Byggð var í Reykjarfirði frá öndverðu. Í heimildum er getið um þrjá bæi, Sæból, Kirkjuból og Reykjarfjörð, en ekki er víst að þeir hafi allir verið byggðir samtímis. Í Guðmundarsögu góða segir að hann hafi brotið " **fót sinn á Ströndum og var einn vetur á Sæbóli í Reykjarfirði**". Á Kirkjubóli sér enn fyrir tóttum. Þar mun hafa verið kirkja og kirkjugarður, en með tímanum lagðist Ósinn að garðinum og braut hann niður. Er í frásögur fært að mannabein hafi staðið þar út úr árbakkanum á tímabili.

Árið 1754 fóru þeir Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson rannsóknarferð um Strandir. Svo segir í Ferðabók þeirra: "**Í Reykjarfirði er fallett og grösugt, enda voru hér nokkrir bæir. Tveir þeirra voru byggðir á síðastliðinni öld, Annar þeirra, Kirkjubær, fór ekki í eyði fyrr en fyrir 10 árum. Þar var kirkja og áttu Reykfirðingar og aðrir bæir þar norður á Ströndunum sókn þangað. Hvergi á Íslandi höfum við séð jafngrösugt tún og hér, og við undruðumst það, að þessi sveit skyldi vera í eyði, þar sem bæir eru þó á báðar hliðar ekki mjög fjarri. Þar ætti að endurreisa kirkjuna og fá þangað góðan og dugandi prest, því að ein meginorsök þess, að sveitir þessar hafa lagst í eyði er vafalaust sú, að ráðvandar og dugandi menn, sem aldir voru upp í guðsóttu og óskuðu eftir samvistum við kristið fólk, gátu ekki náð í prest, þegar skýra þurfti börn, ef einhver sýktist o.s.frv.**"

Ekki varð þeim félögum að ósk sinni að öllu leyti. Engin kirkja var byggð í Reykjarfirði, en dalurinn byggðist aftur og mönnum búnaðist vel. Á fyrri hluta aldarinnar var fjölmennt í Reykjarfirði. Þá bjuggu þar hjónin Matthildur Herborg Bene-diktsdóttir og Jakob Kristjánsson. Þau eignuðust 14 börn og komust 13 þeirra á legg. Þá var líf og fjör í dalnum. Ári 1938 byggðu synir þeirra hjóna steinsteypta sundlaug heima við bæinn og leiddu þangað vatn úr Heimalaug. Er sundlaugin um 16 m á lengd. Var kennt þar sund næstu árin. Um og eftir 1950 fóru jarðirnar í nágrenni Reykjarfjarðar að leggjast í eyði hver af annarri. Lengst mun hafa verið búið í Reykjarfirði, en árið 1964 hættu hjónin Magnús Jakobsson og Bjarnveig Samúelsdóttir þar búskap og síðan hefur jörðin verið í eyði.

En "römm er sú taug sem rekka dregur föðurtúna til" kvað Sveinbjörn Egilsson skáld á sinni tíð. Það á með sönnu við fjölskylduna frá Reykjarfirði, því fljótlega var snúið til baka, dvalið þar sumarlangt og hlunnindi jarðarinnar nytjuð, einkum vidarreki, selur og annað sjófang. Þar kvað mest að þeim bræðrum Guðfinni, Jóhannesi og Ragnari. Á síðari árum hafa eigendurnir endurnýjað húsakost og bætt hafnaraðstöðu, svo nú geta allir smærri skemmtibátar lagst þar að bryggju. Og ekki hafa þeir látið þar við sitja, heldur gert flugbraut, þar sem smærri

flugvélar gera lent, endurbætt sundlaugina og byggt búningsklefa við hana, byggt smáhýsi og innréttað á ný gömul hús til að taka á móti ferðamönnum til gistingar og dvalar.

Í ágústbyrjun sl. átti ég þess kost, ásamt nokkrum félögum mínum að dvelja nokkra daga í Reykjarfirði. Við komum þangað á bát frá Munaðarnesi v. Ingólfsfjörð síðla dags og eftir að hafa stigið á land fór tíminn í að koma sér fyrir. Tjaldstæðið var á sléttum bala í gamla túninu við bæjarlækinn. Sýnilegt var að þarna hafði verið unnið þarft verk ferðamönnum til þæginda, rennandi vatn var úr krana og salerni til reiðu.

Enginn vandi var að eyða tímanum og skipuleggja dvölinna. Við vorum svo heppin að alla þessa viku var bjart og gott veður og því var unnt að halda þá áætlun, sem gerð hafði verið. Fyrsta daginn var farið rólega af stað því framundan voru erfiðari verkefni. Við röltum um næsta nágrenni í fyrstu, en eftir hádegið var gengið út fyrir Þaralátursnes og nokkurn spöl inn með Þaralátursfirði. Þar eru Hvítsandar, sérkennilega fagurt, ljósleitt og sandorpið svæði niðri við sjó. Setur það mikinn svip á austurströnd fjarðarins. Annan daginn var gengið á Geirólfsgnúp (af mörgum nefndur Geirhólmur). Reykjarfjarðarós hefur oft verið erfiður yfirferðar, en þegar menn fá rétta tilsögn með vöðin, má ösla nokkuð djúpt áður en illa fer. Svo var í þetta sinn. Skýr gata liggur út með sjónum neðan Siglúvíkurnúps og upp á Siglúvíkurháls, en þaðan hallar ofan í Skjaldabjarnarvík. Þar í túninu er leiði Hallvarðs Hallssonar eins frægasta Hornstrendings frá fyrri öldum, sem bjó þar undir lok 18. aldar. Af hálsinum er stutt að ganga á Geirhólminn. Þaðan er mikið og vítt útsýni yfir Austurstrandirnar allt frá Hornbjargi til Drangaskarða, austur á Skaga og til fjalla við Húnaflóa vestanverðan. Þessi ganga tók lungann úr deginum, allt að 7 klst. með gönguhraða hins forvitna ferðamanns.

Næsti dagur var sólbjartur og fagur, sá erfiðasti en jafnframt eftirminnilegasti dagur ferðarinnar. Þá gengum við á Drangajökul og upp á Hljóðabungu. Jökulgangan hafði frá upphafi verið á dagskránni og því höfðum við meðferðis gönguskíði og viðeigandi skó. Við gengum fyrst upp á Reykjarfjarðarháls þaðan á Hálsbungu og að jökulrönd. Þetta kostaði allmarga svitadropa. Gangan tók um fjóra tíma því leiðin er um eða yfir 10 km. Þar settum við á okkur skíðin og eftir það var gangan léttari. Af Hljóðabungu er víðsýnt til allra átta. Flest öll sömu kennileiti og sjást af Geirhólmi blöstu við, en sjónarhornið var annað. Við dvöldum nokkra stund á Hljóðabungu, en héldum síðan heim á leið. Það var ljúft leiði, því framundan var ca. 5 km löng skíðabrekka, sem hægt var að þverskera sitt á hvað að vild hvers og eins. Að hallandi degi var svo rölt í rólegheitum niður Hálsbungu og Reykjarfjarðarháls heim í tjaldstað en þangað náðum við eftir 11 tíma göngu. Og þá lá beinast við að bregða sér í laugina góðu, sem jafnast á við þær bestu sem í boði eru hér á landi.

Næstu tvo daga var nóg að sýsla. Gangan með Ósnum inn dalinn að jökli var drjúg og tók sinn tíma og svo var skroppið vestur yfir Reykjarfjarðarhálsinn í Þaralátursfjörð, sem var þekktur fyrir á tímum sem lífhöfn sjófarenda. Við gengum að Óspakshöfða, allmyndarlegum klettahól í miðjum dal, umvafinn dumbrauðum breiðum eyrarrósarinnar, sem setur svo mikinn svip á gróðurinn í dalnum. Í Eyrbyggjasögu er sagt frá sakamanninum Óspaki Kjallakssyni, sem flúði á Strandir við fimmtánda mann. **"Þeir bjuggust fyrir norður í Þaralátursfirði og söfnuðu að sér mönnum ... Þeir gerðu þar mikið hervirki í ránum og manndrápum, voru þar allir samt fram til veturnátta. Þá söfnuðust þeir saman Strandamenn, Ólafur Eyvindarson frá Dröngum og aðrir bændur með honum og fóru að þeim; höfðu þeir þá enn virki um bæ sinn þar í**

Paralátursfirði og voru þá saman nær þrír tígir manna. Þeir Ólafur settust um virkið og þótti torsóttligt vera", segir í sögunni. Óspakur bauð þá samning: að hætta öllum óspektum gegn því að fá að fara burtu óáreittur. Ólafur og hans menn gengu að því boði og kom ekki til bardaga. Við Óspakshöfða er vað á Paralátursósi og þaðan er glögg, vörðuð og rudd gata yfir hálsinn að Reykjarfjarðarbæ, sem við förum í bakaleið.

Þessa gönguferð má svo lengja með því að fara yfir Svartaskarð í Furufjörð, eða út með Furufjarðarnúp að Kerlingu og Könnu, þessum furðulega kletti, sem lítur út eins og risafíll með langan rana.

Að lokum má geta þess að í austurátt er einnig um áhugaverðar eins til tveggja daga gönguferðir að ræða. Á einum degi má ganga yfir Siglúvíkurháls í Skjaldabjarnarvík og skoða leiði Hallvarðar Hallssonar sem þar er og ef menn eru reiðubúnir að bæta einum degi við er þrautalaust að ganga að Dröngum og gista þar. Koma til baka næsta dag. Þá þarf að vaða Bjarnarfjarðarós, sem er lífsreynsla og ævintýri út af fyrir sig.

Meðan á dvöl okkar stóð lentu flugvélar daglega á vellinum með skemmtiferðafólk. Auk þess fóru þarna um allmargir göngumenn, innlendir og erlendir, ýmist á austur- eða vesturleið. Er ekki ofmælt að um 100 gestir hafi verið þar á ferð þessa daga. Það sýnir glögg hvers vænta má í framtíðinni og er það vel. Að kvöldi þriðjudagsins 8. ágúst tókum við farangurinn saman og Ragnar Jakobsson ók honum á traktor niður á bryggju. Þangað kom Óskar Kristinsson frá Dröngum á hraðbátinum sínum og á tilskyldum tíma skilaði hann okkur að landi í Munaðarnesi þar sem bílarnir biðu okkar. Eftirminnilegri sumarleyfisferð var að ljúka.

Ritað 1995

(Heimild: Guðrún Ása Grímsóttir: Ystu strandir norðan Djúps.)